

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 594/2014****2020/EES/26/04****frá 3. júní 2014****um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar form tilkynninga samkvæmt 1. mgr. 17. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 17. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 er þess krafist að lögbært yfirvald í heimaaðildarríki evrópsks félagslegs framtakssjóðs (EuSEF) tilkynni gístiaðildarríkjunum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA) um atvik sem tengjast vegabréfum rekstraraðila viðurkenndra félagslegra framtakssjóða. Samkvæmt 3. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar er þess einnig krafist að lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu tilkynni lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu um að rekstraraðili EuSEF hafi verið tekinn af skránni.
- 2) Þar sem sérstakt upplýsingatæknitól fyrir slíkar tilkynningar hefur ekki enn verið þróað af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er réttast að nota tölvupóst fyrir þessa gerð tilkynninga á milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Því ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að gera skrá yfir viðeigandi tölvupóstföng og kynna hana öllum lögbærum yfirvöldum.
- 3) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 4) Vegna takmarkaðs umfangs og áhrifa að því er varðar form tilkynninga og að teknu tilliti til þess að aðeins lögbær yfirvöld munu nota sérstöku eyðublöðin sem útbúin hafa verið hafði Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ekki samráð við almenning varðandi kynningu á þessum tilkynningareyðublöðum. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leitaði eftir áliti hagsmunahóps um verðbréfastarfsemi hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(2)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Efni**

Þessi reglugerð ákvarðar form tilkynninga á milli lögbærra yfirvalda og til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um eftirlitsupplýsingar tengdar atvikum sem kveðið er á um í 1. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013.

*2. gr.***Form tilkynningarinnar**

Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki evrópsks félagslegs framtakssjóðs skal tilkynna í tölvupósti til lögbærra yfirvalda í gístiaðildarríki og til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um atvik sem sett eru fram í 1. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013, með því að fylla út í eyðublaðið sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 30.1.2020, bls. 51.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

3. gr.

### **Skrá yfir tölvupóstföng**

Sérhvert lögbært yfirvald skal senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni viðeigandi tölvupóstfang vegna tilkynninga um eftirlitsupplýsingar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal upplýsa öll lögbær yfirvöld um skrána yfir viðeigandi tölvupóstföng, þ.m.t. viðeigandi tölvupóstfang Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

4. gr.

### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júní 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

**Tilkynning um skráningu rekstraraðila evrópsks félagslegs framtakssjóðar (EuSEF) eða uppfærslu á upplýsingum sem þegar hafa verið tilkynntar**

Tilkynning um skráningu (*heiti yfirvalds*) EuSEF rekstraraðila eða uppfærslu á upplýsingum sem þegar hafa verið tilkynntar

(*Heiti yfirvalds heimaaðildarríkis*) tilkynnir að:

(*Nafn EuSEF rekstraraðila*),

ásamt eftirfarandi samskiptaupplýsingum (*skráð heimilisfang rekstraraðila*)

er skráð af (*heiti yfirvalds*) í samræmi við 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 til að reka sjóðina sem tilgreindir eru í töflunni hér á eftir. Rekstraraðili hyggst markaðssetja EuSEF í þeim aðildarríkjum sem tilgreind eru í töflunni hér á eftir.

Heiti „EuSEF“	Lögheimili	Gistiaðildarríki

**Leiðbeiningar:**

Tilgreina skal hvort verið er að tilkynna breytingar á upplýsingunum sem komið hafa fram í fyrri tilkynningum: Já  Nei

Ef já, skal tilgreina upplýsingarnar sem á að breyta:

- Nýjum EuSEF bætt við.
- Nýju lögheimili bætt við vegna stofnsetningar EuSEF.
- Nýju aðildarríki bætt við þar sem rekstraraðilinn hyggst markaðssetja EuSEF.
- Hefur verið tekinn af landsskrá rekstraraðila EuSEF, í samræmi við b-lið 2. mgr. 22. gr. EuSEF reglugerðarinnar <sup>(1)</sup>.

(1) Ef svo er, skal setja eftirfarandi í stað textans á eftir heimilisfangi rekstraraðila: „hefur verið tekinn af landsskrá rekstraraðila EuSEF, í samræmi við b-lið 2. mgr. 22. gr. EuSEF reglugerðarinnar.“